

GAMLAR PERLUR

HEILSUVERNDARSTARFSEMI

Eftirfarandi grein birtist fyrst í 2. tbl. Hjúkrunarkvennablaðsins 1948. Upphaflega var textinn fluttur í ríkisútvarpinu 6. febrúar 1947 en Þorbjörg Árnadóttir flutti samtals sjö erindi um heilsuvernd og menningarmál í útvarpinu á árunum 1946 til 1949. Greinin hefur hér verið talsvert stytta þannig að hún fjalli aðallega um heilsuverndarstöðina á Henry Street í New York og um heilsuvernd í Seattle í Bandaríkjunum. Þorbjörg vann sjálf á Henry Street 1943-1944 og bjó og starfaði lengi í Seattle.

Konur á öllum öldum hafa hlynnt að þeim sjúku. Páll postuli getur um Phebe sem hafi líknað mörgum og einnig sjálfum honum. Á miðöldunum voru það nunnurnar öðrum konum fremur sem líknuðu vanheilum. Það eru þó ekki nema rúm hundruð ár síðan konur af öllum stéttum fóru að leggja stund á hjúkrunarnám. Sem kunnugt er var Florence Nightingale forgöngukona á því sviði. Foreldrar hennar voru enskir og auðugir að fé. Segir svo í ævisögu hennar að þegar á unga aldri hafi hún oft horft upp í gluggana á stórhýsi foreldra sinna og hugleitt það hvernig hægt væri að breyta húsinu í spítala.

Á þeim tímum (um 1842) var enginn hjúkrunarkvennaskóli til í Englandi og stundaði því Florence hjúkrunarnám hjá Fliedner presti sem ásamt hinum tveim konum sínum, Friðriku og Karólínu, hafði stofnað hjúkrunarskóla fyrir diakonissur í Kaiserswerth.

Eftir að hafa áunnið sér mikla frægð fyrir líknarstarfsemi sína meðal hermanna í Krímstríðinu veturinn 1854-55 stofnaði Florence Nightingale hjúkrunarkvennaskóla við St. Thomaspítalann í London. Fyrir síðari heimsstyrjöld kom ég á St. Thomaspítalann og sá stofu þá sem helguð er minjagripum hins látna brautryðjanda hjúkrunarkvennanna. Hjúkrunarkonan, sem sýndi mér spítalann, skýrði mér frá því að oftast en einu sinni hefði



Þorbjörg Árnadóttir.

það komið fyrir sig að sér hefði fundist svipur Florence Nightingale líða um sjúkrastofurnar á þessum gamla spítala, sem hún átti svo mikil ítök í í lífanda lífi.

Árið 1859 aðstoðaði Florence Nightingale William Rathbone í Liverpool í Englandi við það að stofna fyrsta Heimilisvitjanafélagið. Félag þetta réði til sín eina hjúkrunarkonu til þess að vitja hinna sjúku í heimahúsum. Í fyrsta ætlaði þessi hjúkrunarkona að gefast upp við starfið, en hún var hvött til þess að halda áfram og eftir eitt ár voru heimilisvitjanahjúkrunarkonurnar á vegum félagsins orðnar 25 að tölu.

Það kom fljótlega í ljós að hjúkrunarkonur sem vitjuðu sjúkra í heimahúsum þurftu á viðtækari þekkingu að halda en almennri

hjúkrunarmenntun. Viðfangsefnin og vandamálín voru mörg og það var augljóst að jafnframt því sem hjúkrunarkonan hjúkraði þeim sjúku þá var þörf á því að hún kenndi fjölskyldunum hreinlæti og skynsamlega lífnaðarháttu. Einnig veittu læknar því eftirtekt að sjúklingar, sem leituðu sér lækninga á ýmskonar hjálparstöðvum, þurftu leiðbeininga með í heimahúsum og til þess að annast slíkar leiðbeiningar var enginn betur fallinn en heimilisvitjanahjúkrunarkonan. Árið 1887 var því stofnað félag í Englandi í þeim tilgangi að búa hjúkrunarkonur sem vitjuðu sjúkra í heimahúsum undir starf þeirra.

Í Bandaríkjunum stofnaði Lillian Wald, hjúkrunarkona, Henry Street-hjúkrunarfélagið í New York-borg árið 1893. Ásamt vinkonu sinni valdi Lillian sér bústað í einu af verstu skuggahverfum borgarinnar þar sem snauðir, ómenntaðir innflytjendur frá ýmsum löndum höfðu leitað sér athvarfs. Margt af þessu fólki kunni ekki ensku og átti erfitt með að bjarga sér á ýmsan hátt. Jafnframt því sem þær stóllur vitjuðu hinna sjúku, í þessu fátækrahverfi, leituðust þær við að leiðbeina fjölskyldunum með hin margvíslegu vandamál þeirra og varð því hús þeirra Lillian Wald í Henry Street nokkurs konar skóli fyrir þessa öreiga sem strandað höfðu í hinni miklu borg. Þetta brautryðjendastarf óx í sífellu og varð umfangsmikið, ekki aðeins á hjúkrunarsviði, heldur og á þjóðfélagslega sviðinu.



Bandaríkjamenn hafa lagt mikið fé og orku til margvíslegrar heilsuverndarstarfsemi og sérstaklega telja þeir sér til tekna nútíma heilsuverndarhjúkrunarkonuna og álíta þeir sig brautryðjendur á því sviði heilsuverndarinnar og hafa hjúkrunarkonur margra þjóða sótt framhaldsnám í heilsuvernd í Bandaríkjunum.

Fyrsta heilsuverndarhjúkrunarfélagið í Bandaríkjunum var stofnað í Boston árið 1886 og var þá nefnt Félag kennsluheimilishjúkrunarkvenna. Árið 1906 setti félag þetta á stofn námskeið fyrir heilsuverndarhjúkrunarkonur og skömmu síðar innleiddi Columbiasháskólinn í New York samskonar námskeið. Námskeiðum þessum hefur sífellt farið fjölgandi og nú er svo komið í Bandaríkjunum að krafist

er af öllum hjúkrunarkonum sem gegna vilja heilsuverndarstörfum að þær hafi lokið eins til tveggja ára háskólanámi í heilsuvernd, að afloknu hjúkrunarnámi.

Til frekari útskýringar á fyrirkomulagi nútíma heilsuverndarstarfsemi vil ég lýsa í aðaldráttum skipulagningu heilsuverndarstarfanna í bænum Seattle, Washington, sem telur hálfa milljón íbúa. Þangað til árið 1943 störfuðu heilsuverndarhjúkrunarkonurnar þar í bæ í sérdeildum og sumar á vegum einkafélaga. Ungbarnaverndarhjúkrunarkonurnar sinntu aðeins ungbörnum, höfðu sína eigin skrifstofu og stöðvar. Berklavarnarhjúkrunarkonurnar önnuðust berklavarnir eingöngu og svo framvegis. Í lok ársins 1943 voru öll þessi störf sameinuð

og innlimuð í heilsuverndarstarfsemi bæjarins að meðtöldri hjúkrahjúkrun, sem einkafélag hafði annast allt að þessu. Bærinn bar þó eigi allan kostnaðinn í byrjun, heldur naut hjúkrunarstarfsemin aðstoðar frá einkafélaginu, sem annast hafði sjúkrahjúkrunina, og konur þær sem í þessu félagi voru, leystu af hendi ýmskonar sjálfböðavinnu við heilsuverndarstarfsemina. Einnig naut starfsemin opinberra styrkja. Búið er við að í framtíðinni muni bærinn annast rekstur starfseminnar á sinn kostnað, með aðstoð opinberra styrkja og á slíkt fyrirkomulag sér stað í sumum bæjum. Við breytinguna var bænum skipt í hverfi og annast hver hjúkrunarkona allar greinar heilsuverndarinnar í sínu hverfi, svo sem ungbarnavernd, berklavarnir, andlega heilsuvernd, farsóttir, sjúkrahjúkrun og svo framvegis. Fyrir hverju hverfi er svo yfirhjúkrunarkona eða deildarstjóri, sem annast eftirlit með störfum hjúkrunarkvennanna, og leiðbeinir þeim með vandamál þau sem fyrir kunna að koma á heimilunum. Í hverju hverfi er skrifstofa þar sem hjúkrunarkonurnar mæta á morgnana og ljúka skýrslum sínum fyrir daginn næst á undan, og skipuleggja verk sitt fyrir komandi dag, með aðstoð deildarstjóra.

Skýrslur hjúkrunarkvennanna eru mikill þáttur í heilsuverndarstarfseminni. Skrifstofustúlkur annast síma, röðun á skýrslum og önnur skrifstofustörf undir umsjón deildarstjóra. Í hverju hverfi eru ein eða fleiri ungbarnaverndarstöðvar, svo mæðurnar þurfa ekki að fara langar leiðir með ungbörnin. En í miðbænum er aðalheilsuverndarbyggingin og í henni eru stöðvar fyrir hinar ýmsu greinar heilsuverndarinnar, svo sem berklavarnastöð,

Góðgerðarstarfsemi síðan 1893

Henry Street Settlement, sem talað er um í greininni, er enn þá til og sinnir hinum ýmsu góðgerðarstörfum. Fyrir utan heilbrigðisþjónustu eru verkefni um starfsþjálfun, ýmsan stuðning við eldri borgara, gístiskýli fyrir heimilislausa og menningarstarfsemi og listsköpun fyrir börn. Starfsemin er í mörgum húsum á Lower East Side í New York-borg og starfsmenn eru nú um 450 í fastri vinnu og álíka margir í tímabundinni verkefnavinnu. Til fróðleiks má nefna að fyrsti skólahjúkrunarfræðingur New York-borgar hlaut laun sín frá Henry Street-stofnuninni í upphafi 1902. Þegar fram líðu stundir ákvað borgin að ráða fleiri skólahjúkrunarfræðinga. Heimahjúkrun stofnunarinnar færðist til borgarinnar 1944, um það leyti sem Þorbjörg Árnadóttir starfaði þar.



ungbarnaverndarstöð, kynsjúkdómastöð og svo framvegis. Einnig er þar röntgen-deild, rannsóknarstofur, lyfjastofa og fleiri. Í sumum stórborgum, eins og til dæmis New York, eru svokallaðar heilsu-miðstöðvar í mörgum hverfum bæjarins. Í þessum heilsumiðstöðvum (Health Centers) eru stöðvar fyrir hinar ýmsu greinar heilsuverndarinnar, þar á meðal heyrnarhjálp og augnskoðun.

Í Seattle og flestum stærri bæjum er heilsuverndarstarfsemi þannig háttað að lækni sem hefir sérmenntun í heilsu-vernd er forstjóri starfseminnar. En auk þess starfa margir lækna við hinar ýmsu sérgreinar, svo sem farsóttir, berklavarnir, kynsjúkdóma, ungbarnavernd og svo framvegis og eru lækna þessir sér-fræðingar hver í sinni grein.

Þau skilyrði eru gerð að hjúkrunarkonur þær sem fyrir deildum standa hafi lokið háskólaprófi með BS- eða BA-skírteini. Hjúkrunarkonur þær sem starfað höfðu fyrir bæinn í mörg ár í hinum ýmsu sérgreinum, og sem höfðu lokið námi í almennri heilsuvernd en höfðu ekki

BS- eða BA-skírteini, gátu ekki fengið deildarstjórastöðu nema þær lykju slíku prófi.

Þá má geta þess að namar frá hjúkrunar-kvennaskólum fá tækifæri til þess að kynna heilsuverndarstarfsemi og vitja þær í heimahúsum með heilsu-verndarkonunum um sex vikna skeið, jafnframt því sem þær fá munnlega tilsögn frá deildarstjórum og kennara sem annast eftirlit með þeim. Einnig fá þær hjúkrunarkonur sem stunda framhaldsnám í heilsuvernd verklega þekkingu sínu með því að vinna með þeim heilsuverndarhjúkrunarkonum sem í bæjum og sveitum starfa.

Slík sameining á öllum greinum heilsu-verndarinnar, sem lýst hefur verið hér að framan, virðist að mörgu leyti heppileg og vera til sparnaðar á margan hátt. Það sem heilsuverndarhjúkrunarkonurnar hafa aðallega fundið að þessu fyrirkomulagi er það, að þegar farsóttir eða aðrir sjúkdómar geisa verða önnur heilsuverndarstörf, svo sem ungbarnavernd, berklavarnir og svo framvegis, látin sitja á hakanum þar sem

vinnukraftur er lítil því að sjúkrahjúkrunin tekur þá svo mikinn tíma. En úr þessu má bæta með því að hafa nógu margar hjúkrunarkonur. Á stríðsárunum þegar mikill skortur var á hjúkrunarliði voru hjálparstúlkur víða notaðar bæði á sjúkrahúsum og við bæjarhjúkrun. Við Henry Street-heilsuverndarfélagið í New York-borg störfuðu til dæmis hjálpar-stúlkur, sem lokið höfðu ársnámi í almennri hjúkrun á sjúkrahúsi. Vitjuðu hjálparstúlkur þessar fullorðins fólks, með langvinna sjúkdóma, sem þarfnáðist hreinlætisbaða og einfaldrar hjúkrunar. En heilsuverndarhjúkrunarkonurnar fylgdust með störfum hjálparkvennanna og heimsóttu sjúklinga þeirra með vissu millibili.

Það sýndi sig á þessu tímabili að konur þær sem lært höfðu heimahjúkrun voru miklu öruggari og sjálfstæðari þegar sjúkdóma bar að höndum en hinar sem enga hjúkrun höfðu kynnt sér. Var því mikið auðveldara að kenna hinum fyrrnefndu meðferð sjúklinga í heimahúsum og sparaði það oft heilsuverndarkonunum mikið ómak.

Nýsköpunarstyrkur fyrir tölvuleik um verkjameðferð

Brynja Ingadóttir, hjúkrunarfræðingur og doktorsnemi, fékk í mars sl. nýsköpunarstyrk Landspítalans fyrir verkefni sem fjallar um að búa til og prófa gagnvirkan kennsluleik um verkjameðferð fyrir skurðsjúklinga. Styrkurinn nemur þremur milljónum króna.

Brynja Ingadóttir stundar nú doktorsnám við háskólanum í Linköping í Svíþjóð. Hún hefur starfað sem hjúkrunarfræðingur, hjúkrunardeildarstjóri og sérfræðingur í hjúkrun á skurðlækningasviði Landspítala frá 1991 og verið stundar kennari við hjúkrunarfræðideild HÍ síðan 2009. Rannsóknir hennar hafa undanfarið snúist um sjúklingafræðslu.

Tölvuleikurinn er hluti af útskriftarfræðslu skurðsjúklinga eftir aðgerð á Landspítala. Í leiknum læra þeir hvað getur gerst miðað við ákvarðanir þeirra um að taka verkjalyf eða fá aðra meðferð við verkjum. Leikurinn er til í frumútgáfu en til stendur að bæta hann með aðstoð fagmanna og notenda. Einnig verður nytsemi leiksins rannsökuð.

Samstarfsaðilar Brynju eru dr. Sigríður Zoëga og Katrín Blöndal, báðar sérfræðingar í hjúkrun á Landspítala, dr. Hannes Högni Vilhjálmsson og dr. David Thue, báðir við tölvunarfræðideild Háskólans í Reykjavík, og Tiny Jaarsma og dr. Pierangelo dell'Acqua, báðir við háskólann í Linköping.

